

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	14.019
3.101 – 6.000 lítra	16.192
6.001 – 10.000 lítra	19.308

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 10.061 á rúmmetra við losun. Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 97.237 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 586 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert, og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1643/2023.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. desember 2024.

Borgarnesi, 13. desember 2024.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.